

Úttektakerfið

Tilgangur úttektarkerfis er að ganga úr skugga um að opinbert eftirlit sem framkvæmt er á grundvelli laga og reglugerða um matvæli, fóður, dýraheilbrigði og dýravelferð sé í samræmi við kröfur viðeigandi löggjafar, að því sé framfylgt með árangursríkum hætti og að það henti til að ná markmiðum viðkomandi löggjafar.

Úttektakerfið tekur til alls opinbers eftirlits með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð sem framkvæmt er í landinu og nær því til allra þeirra sem hafa lögbundnu hlutverki að gegna skv. eftirlitslöggjöfni.


Úttektirnar eru flokkaðar í þrjá megin flokka:

- **Lárétt úttekt:** Þverfagleg úttekt sem nær yfir fleiri en einn eftirlitsþega eða flokk. Getur átt við innleiðingu á eftirlitslöggjöfni, rekjanleika matvæla, neysluvatn o.fl.
- **Lóðrétt úttekt:** er innan flokks úttekt og er einblínt á einhvern einn eftirlitsþega. Getur átt við hreinlæti í sláturhúsum, flutningur á dýrum o.fl.
- **Eftirfylgni fyrri úttekta:** Úttekt þar sem fylgt er eftir athugasemdum fyrri úttekta.

Flokkar

Úttektaáætlunin skal tryggja að á 5 árum verði farið í úttekt í öllum flokkum. Við ákvörðun á flokkum var notast við ferla Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins. Þeir flokkar sem kerfið nær yfir eru: Matvæli úr dýraríkinu, Matvæli úr plönturíkinu, Fóður, Sértek löggjöf, Dýravelferð, Dýraheilbrigði, Inn- og útflutningur, Rannsóknastofur og Framleiðsla og dreifing.

Mynd 1. Úttektarflokkar



Úttektaáætlun

Áætlunin skal unnin á gegnsæjan hátt þar sem fram koma áhættumiðuð forgangsatriði sem gefa til kynna viðeigandi áhættumiðaða tíðni úttekta. Áætlunin skal ekki spanna meira en 5 ár og á því tímabili skal úttekt fara fram a.m.k. einu sinni á öllum þeim sviðum og hjá öllum þeim lögbæru yfirvöldum sem falla undir löggjöfina.

Í töflum 1 og 2 má sjá landsbundna úttektaáætlun til 5 ára (LÚMA). Við gerð áætlunarinnar var horft til athugasemda frá úttektum ESA, innleiðingar nýrra reglugerða og flokka eftir mat á nauðsyn á úttekt og áhættu. Áætlunina skal að minnsta kosti endurskoða innan 3 ára.

Tafla 1. Landsbundin úttektaáætlun til 5 ára

Flokkur	2017	2018	2019	2020	2021
Matvæli úr dýraríkinu	X	X	X	X	X
Matvæli úr plönturíkinu			X	X	X
Fóður	X			X	X
Sértæk löggjöf	X	X			X
Dýravelferð	X		X	X	X
Dýraheilbrigði		X	X	X	X
Rannsóknastofur	X	X			X
Inn- og útflutningur		X	X		
Framleiðsla og dreifing	X	X	X	X	

Tafla 2 Landsbundin úttektaáætlun til 5 ára (LÚMA)

Ár	Matvæli úr dýraríkinu	Matvæli úr plönturíkinu	Fóður	Sértæk löggjöf	Dýravelferð	Dýraheilbrigði	Rannsóknastofur	Inn- og útflutningur	Framleiðsla og dreifing
2017	Sýnatökur og rannsóknir - Eftirlit með salmonellu í kjötrframleiðslu alifugla		Sýnatökur og rannsóknir - Eftirlit með salmonellu í kjötrframleiðslu alifugla		Verklag við dýraeftirlit - Sauðfé		Sýnatökur og rannsóknir - Eftirlit með salmonellu í kjötrframleiðslu alifugla		Sýnatökur og rannsóknir - Eftirlit með salmonellu í kjötrframleiðslu alifugla
	Reglubundið eftirlit með eggjapökkun og dreifingu eggja.		Verklag við fóðureftirlit - Skráning á fóðri	Verklag við ABP eftirlit - Fiskimjöl		Reglubundið eftirlit með merkingu, geymslu og rekjanleika eggja.			
2018	Reglubundið eftirlit m. fiski, kjöti, mjólk og eggjum og eftirfylgni þess			Matvæla-merkingar skv. reglugerð		Lyfjamál og aðskotaefni	Tilnefning rannsóknarstofa og framsetta kröfur til þeirra	Þjálfun og símenntun stm	Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess
	Lyfjamál og aðskotaefni				Eftirlit með neysluvatni				
2019	Reglubundið eftirlit m. fiski, kjöti, mjólk og eggjum og eftirfylgni þess	Frumframleiðsla			Fiskeldi	Fiskeldi		Verklag og framkvæmd inn og útflutningseftirlits	Þjálfun og símenntun stm
	Eftirlit, skv. reglugerð 856/2016 ¹⁾								
2020	Daglegt eftirlit í sláturhúsum		ABP		Aðbúnaður og aflflun sláturdýra	Daglegt eftirlit í sláturhúsum			Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess
	Eftirlit, skv. reglugerð 580/2012 ²⁾	Eftirlit, skv. reglugerð 580/2012 ²⁾		Eftirlit, skv. reglugerð 580/2012 ²⁾					
2021	Reglubundið eftirlit m. fisksjúk-dómum	Þjálfun og símenntun stm	Þjálfun og símenntun stm	Þjálfun og símenntun stm	Þjálfun og símenntun stm	Þjálfun og símenntun stm	Reglubundið eftirlit með fisksjúk-dómum		
	Verklag við dýraeftirlit				Reglubundið eftirlit með fisksjúk-dómum				

1) Reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli.

2) Reglugerð um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda og staðbundinna smásölufyrirtækja.

Samþykkt í Gæðaráði MAST – 15. febrúar 2017

Samþykkt í Úttektastjórn – 16. febrúar 2017